

Ed. 370. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til 1. um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

Frá Auði Auðuns.

1. Við 6. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

2. 9. gr. falli niður.

3. 14. gr. orðist svo:

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu, sér það um, að gerður verði samningur milli þess og hlutaðeigandi aðila um greiðslu samkvæmt 6. gr. þessara laga, og heimilar, að framkvæmdir verði hafnar.

Ef framkvæmdir eru hafnar, án þess að fyrir liggi skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins, verður stofnkostaður ríkissjóði óviðkomandi.

4. 15. gr. orðist svo:

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkvæmt 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þær kröfur (norm), sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbætti vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.